



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/758*  
*komudagur 18.2.2002*

Reykjavík, 14. febrúar 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efnl: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingu, 285. mál.**

Vísað er í bréf ssamgöngunefndar Alþingis frá 29. janúar 2002, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp til laga.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands lýsir ítrekað yfir andstöðu sinni varðandi efni þessa lagafrumvarps um að heimila að íslensk fiskiskip sem skráð eru í íslenska skipaskrá séu jafnframt skráð þurrleiguskráningu í erlenda skipaskrá. Til frekari skýringa um afstöðu samtakanna til þessa máls eru vísað í greinargerð lagafrumvarpsins.

Virðingarfyllt

f.h. Farmanna- og fiskimannasambands  
Íslands

*Benedikt Valsson*

Benedikt Valsson

Alþingi  
Erindi nr. P 127/741  
komudagur 18.2.2002

**FÉLAG ÍSLENSKRA SKIPSTJÓRNARMANNA**

Nefndarsvið Alþingis  
Hr. Águst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík 13. febrúar 2002.  
c:/2002/stjórn FSK/alþingi-1

**Mál: Frumvarp til laga um skráningu skipa, 285. mál, þurrleiguskráning fiskiskipa, umsögn.**

Stjórn Félags íslenskra skipstjórnarmanna fjallaði um ofangreint erindi á 10. fundi sínum 7. febrúar s.l. og þakkar það tækifæri sem gefið er til að tjá sig um frumvarpið

Þar sem ósk um umsögn var einnig send Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, sem félagið er aðili að, mun það standa að sameiginlegri umsögn þess.

Virðingarfyllst

  
Guðjón Petersen

Afrit. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/863*  
*komudagur 25. 2. 2002*

Hr. Ágúst Geir Ágústsson  
Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2002

Ha 018/2002 ÁPS/BLB

Tilv.: 031

**Efni: Umsögn um skráningu skipa 285. mál**

Á fundi stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga 8. febrúar sl. var meða annars fjallað um frumvarp til skráningu skipa, 285. mál, þurrleiguskráning fiskiskipa. Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórn Hafnarsambands sveitarfélaga tekur ekki afstöðu til meginefnis frumvarpsins en leggur þó á það áherslu að ákvæði um uppgjör skulda gagnvart hafnarsjóðum verði sett inn í frumvarpið. Nauðsynlegt er að tryggja að breytt skráning skipa leiði ekki til lakari réttar hafnarsjóða en þeir hafa samkvæmt hafnalögum.“

Virðingarfyllt

Árni Þór Sigurðsson

formaður stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. P 127/803  
komudagur 20.2.2002

LHG/087/8.6/HH/SIG  
15. febrúar 2002.

***Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp  
til laga um skráningu skipa, 285. mál, þurrleiguskráningu fiskiskipa.***

Landhelgisgæslan gerir eftirfarandi athugasemd við frumvarpið:

Landhelgisgæslan leggur til að við bætist það skilyrði fyrir heimild til þurrleiguskráningar að skip verði búið fjareftirlitsbúnaði eða tilkynni sig til Landhelgisgæslunnar með öðrum hætti um hvar það er staðsett hverju sinni þar sem skipið er ennþá skráð í íslenska skipaskrá.

Í dag eiga öll íslensk fiskiskip sem eru að veiðum fyrir utan íslenska efnahagslögsögu að tilkynna sig í fjareftirliti til Landhelgisgæslunnar. Það geta komið upp tilvik þar sem æskilegt er fyrir íslensk stjórnvöld að vita hvar viðkomandi skip er staðsett. Þetta skilyrði má einnig setja fram í reglugerð.

Hafsteinn Hafsteinsson  
forstjóri.



# LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHVOLI VIÐ TRYGGVAGÖTU · P.O.BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL.354 552 9500 · TELEFAX 354 551 6056

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 127/742*  
*komudagur 18.2.2002*

Nefndasvið Alþingis  
v/samgöngunefndar,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 12. febrúar 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Landssamband íslenskra útvegsmanna fagnar mjög þeirri réttarbót sem í frumvarpinu um þurrleiguskráningu fiskiskipa felst.

Með lögum nr. 153/2000 um breytingu á lögum nr. 115/1985 um skráningu skipa voru lögfest ákvæði um þurrleiguskráningu kaupskipa. Við teljum einsýnt að sem líkastar reglur eigi að gilda um fiskiskip og kaupskip að þessu leyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands geti heimilað skráningu íslenskra fiskiskipa á erlenda skipaskrá þegar í lögunum um kaupskipin er orðalagið þannig að heimilt sé að skrá kaupskip þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Við förum þess á leit að orðalag verði samræmt að þessu leyti.

Annar mjög veigamikill munur er á frumvarpinu og lögunum um kaupskipin, þ.e. að einungis er gert ráð fyrir unnt verði að þurrleiguskrá fiskiskip til eins árs með möguleika á framlengingu til sex mánaða senn, þegar heimilt er að þurrleiguskrá kaupskip til allt að fimm ára með möguleika á framlengingu til eins árs í senn. Hér er gert ráð fyrir mismunun sem ekki á við rök að styðjast.

Á bls. 10 í frumvarpinu í fylgiskjali I sem hefur að geyma skýrslu nefndar um tvískráningu fiskiskipa segir m.a.:

“LÍÚ lagði til að hámarksgildistími þurrleiguskráningar yrði a.m.k. eitt ár í stað sex mánaða eins og hugmyndir nefndarinnar gerðu ráð fyrir.

- Hugmynd nefndarinnar um sex mánaða hámarksgildistíma var sett fram í ljósi athugasemda sem Samtök fjármálafyrirtækja gerðu á fundi sínum með nefndinni. Í umsögn sinni telja samtökin nú ásættanlegt að leyfi séu gefin út til eins árs og telur nefndin því rétt að hámarksgildistími leyfis yrði eitt ár í senn.”

Það er misskilningur hjá nefndinni að við höfum lagt til að hámarksgildistími þurrleiguskráningar “yrði a.m.k. eitt ár í stað sex mánaða”. Í umsögn okkar til nefndarinnar dags. 30.11.1999 segir:

“Í 6. lið 2. greinar er gert ráð fyrir að leyfi til tvískráningar verði einungis veitt til sex mánaða. Við sjáum ekki rökin fyrir því að binda heimildina við svo skamman tíma ef á annað borð eru rök fyrir því að binda heimildina tímatakörkunum. Ýmis verkefni sem til álita koma í þessu sambandi eru til lengri tíma en sex mánuða og sem dæmi má nefna að nokkur skip í íslenskri eigu eru nú leigð til eins til tveggja ára. Takmörkun sem þessi getur orðið til þess að tækifæri glatist þó unnt sé að fá framlengingu nema fyrirfram sé ljóst að hún fái og þá verða rökin fyrir tímatakörkunum ekki séð. Heimild til afturköllunar heimildarinnar til tvískráningar ætti í öllum tilvikum að nægja.”

Vegna vísunar til athugasemda Samtaka fjármálafyrirtækja er einnig rétt að benda á að það þarf skriflegt samþykki veðhafa fyrir þurrleiguskráningunni og ef veðhavar vilja binda heimild til skráningar til skemmri tíma en fimm ára er þeim það í lófa lagt.

Með vísan til þess sem að framan greinir er þess óskað að tímamörk þurrleiguskráningar fiskiskipa verði hin sömu kaupskipa eða fimm ár með möguleika á framlengingu til eins árs í senn.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri



LANDSSAMBAND  
smábátaeigenda

KLAPPARSTÍG 27 PÓSTHÓLF 163  
121 REYKJAVÍK SÍMI 552 7922  
PÓSTFAX 562-6590

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/781*  
*komudagur 19.2.2002*

19. febrúar 2002

Htv. samgöngunefnd Alþingis  
Guðmundur Hallvarðsson formaður

Efni: Umsögn um mál nr. 285, þurrleiguskráning fiskiskipa.

Landssamband smábátaeigenda (LS) telur það frumvarp sem hér er til umsagnar geta leitt til fleiri neikvæðra áhrifa en jákvæðra. LS leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.

Greinargerð:

Offjárfesting í fiskveiðum er vaxandi vandamál hér á landi, jafnt og annars staðar í veröldinni. Íslendingar eiga ekki að vera í farabroddi þjóða með að samþykkja lög er verða þess valdandi að auka enn á slíkt. Veruleg hættu er á að samþykkt þessa frumvarps leiði til enn frekari fjölgunar fiskiskipa hér við land. Þeim væri hægt að halda hér í útgerð hluta úr ári með því að tryggja þeim rekstur á öðrum tímum utan landhelginnar. Eigendur skipa sem fá veiðileyfi í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eiga ekki að geta reitt sig á að forsenda fyrir slíku leyfi séu veiðar á ofnýttum miðum annarra landa.

LS telur að Íslendingar eigi að stemma stigu við offjárfestingu í fiskveiðum með öðrum hætti heldur en velta vandamálinu yfir á aðrar þjóðir, þar sem löggjöf um öryggi og réttindi er ekki hliðstæð og hér er.

Þá varar LS við samþykkt þessa frumvarps vegna fordæmis um jafnræði er það gæti haft fyrir aðrar þjóðir gagnvart sambærilegri lagasetningu.

Virðingarfyllt

fh. Landssambands smábátaeigenda

Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 127/1306  
komudagur 14.3.2002

Reykjavík, 14. mars 2002

Samgöngunefnd Alþingis.  
Guðmundur Hallvarðsson formaður.

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um skráningu skipa, 285. mál, þurrleiguskráningu fiskiskipa, sbr. bréf samgöngunefndar, dags. 13. febrúar 2002.  
Hjálagt eru umsagnir meiri og minni hluta nefndarinnar.

Virðingarfyllt,  
fyrir hönd sjávarútvegsnefndar

Ágúst Geir Ágústsson,  
nefndaritari.

SJÁVARÚTVEGSNEFND



**Umsögn meiri hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarp til laga um  
breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985,  
með síðari breytingum, 285. mál.**

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Ásmundsson frá sjávarútvegsráðuneytinu.

Ljóst er að rökin fyrir frumvarpinu eru fyrst og fremst tengd sjávarútvegi þótt það sé stjórnskipulega á málefnasviði samgönguráðuneytisins.

Tilgangur frumvarpsins er að auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verkefna erlendis. Það liggur fyrir að íslenskar útgerðir hafa nýtt skip sín til verkefna utan efnahagslögsögunnar ýmist með því að skrá þau með beinum hætti á skipaskrá annarra landa eða með þurrleiguskráningu í gegnum þriðja ríki. Verði þetta frumvarp að lögum verður bæði auðveldara og ódýrara fyrir íslenskar útgerðir að sækja á erlend mið en nú er. Jafnframt má gera ráð fyrir að möguleikar til hagræðingar í rekstri aukist.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að veiðar íslenskra skipa á alþjóðlegum hafsvæðum undir fána erlendra ríkja geta skapað veiðireynslu fyrir erlend ríki sem mun aftur nýtast þeim í samningum um veiðar á viðkomandi svæðum í framtíðinni. Slíkar veiðar hafa átt sér stað á sama tíma og Íslendingar hafa ekki verið að fullnýta þann kvóta sem þeir hafa á þessum svæðum. Ákveði Alþingi að veita heimild í lögum til þurrleiguskráningar verður að tryggja að með því sé ekki unnið gegn heildar- og langtímahagsmunum Íslands. Spyrja má hvað valdi því að íslenskar útgerðir kjósi fremur að stunda veiðar á alþjóðlegum hafsvæðum undir fánum erlendra ríkja en undir íslenskum fána. Leiða má að því líkur að kostnaður útgerðarinnar vegna veiðanna sé minni sigli skipið undir erlendum fána og þá einkum launakostnaður því íslensk lög og íslenskar reglur og þar af leiðandi íslenskir kjarasamningar gilda ekki um þessi skip. Þetta er skiljanlega áhyggjuefni íslenskra sjómanna. Hagsmunir sjómanna og heildarhagsmunir þjóðarinnar fara því saman í þessu efni og þessa hagsmuni ber að vernda. Það er álit nefndarinnar, verði frumvarpið samþykkt, að það verði að vera skýrt að þurrleiguskráning sé óheimil fari hún á einhvern hátt gegn hagsmunum Íslands og að þeir hagsmunir séu ávallt teknir fram yfir stundarhagsmuni einstakra útgerða.

Fiskistofnar eru víða ofveiddir og fiskveiðifloti flestra landa er of stór miðað við veiðipól stofnanna. Alþingi og stjórnvöld verða að gæta þess við setningu laga og reglna að reglunar leiði ekki til frekari ofveiði hvort sem það er í okkar eigin lögsögu, á alþjóðlegum hafsvæðum eða í lögsögu annarra ríkja. Þegar um alþjóðleg hafsvæði er að ræða verðum við að gera þá kröfu að þær veiðar sem við stundum gangi ekki gegn skynsamlegum stjórnunar- og verndunarsjónarmiðum. Sem ábyrg fiskveiðihjód verðum við að tryggja að þessi sjónarmið séu í heiðri höfð jafnvel þótt aðrar þjóðir telji sér það ekki skylt. Heimild til þurrleiguskráningar verður að vera háð því skilyrði að þessi sjónarmið séu virt. Í b-, c- og d-lið 2. efnismgr. 1. gr. er tekið á þessu og er það vel.

Þá leggur meiri hlutinn áherslu á mikilvæg þess, verði frumvarpið samþykkt, að virkt eftirlit verði með því að skilyrði þurrleiguskráningar séu uppfyllt og heimild til þurrleiguskráningar verði felld niður án tafar verði misbrestur þar á, svo sem mælt er fyrir um í 4. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins.

Hjá meiri hlutanum komu jafnframt fram eftirtaldar ábendingar. Í fyrsta lagi að ekki sé skýrt hvað átt sé við í a-lið 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi að b- og c-liður 2. efnismgr. 1. gr. hljóta að takmarkast við það að íslendingar sjálfir hlýti þeim samningstakmörkunum sem um ræðir og taki tillit til þeirra verndarsjónarmiða sem uppi eru. Í þriðja lagi að nauðsynlegt sé að skilgreina betur í hverju hagsmunir Íslands séu fólgnir, sbr. f-lið 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins.

Guðmundur Hallvarðsson skrifar undir umsögn þessa með fyrirvara vegna setu í

samgöngunefnd.

14. mars 2002

Einar K. Guðfinnsson.  
Kristinn H. Gunnarsson.  
Vilhjálmur Egilsson.  
Helga Guðrún Jónasdóttir.  
Jónas Hallgrímsson.  
Guðmundur Hallvarðsson,  
með fyrirvara.

**Umsögn minni hluta sjávarútvegsnefndar  
um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa,  
nr. 115/1985, með síðari breytingum, 285 mál.**

Tilurð þessa frumvarps má rekja til bréfs Landssambands íslenskra útvegsmanna til samgönguráðuneytisins, dags. 29. apríl 1999, þar sem þess var farið á leit við íslensk stjórnvöld að þau leyfðu tvískráningu íslenskra fiskiskipa. Efni frumvarpsins er í samræmi við þá ósk. Tilgangurinn er sagður vera að auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verkefna erlendis. Lagt er til að heimilt verði að skrá fiskiskip þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá en þau séu eftir sem áður frumskráð á íslenska skipaskrá.

Íslenskar útgerðir sem hafa sóst eftir að nýta veiðiheimildir annarra ríkja hafa fært skip sín undir erlendan fána í þessum tilgangi og leigt þau til tengdra eða ótengdra aðila í erlenda ríkinu. Í þeim tilvikum hafa þau afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá, skráð þau í öðru ríki, jafnvel þurrleiguskráð þau þaðan, og siglt undir fána þess ríkis sem á veiðiheimildirnar sem ætlunin er að nýta. Dæmi um veiðar sem Íslendingar hafa sótt í eru rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eyrstrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafi.

Ljóst er að frumvarpið er mjög umdeilt og skiptast hagsmunaaðilar algerlega í tvö horn. Samtök sjómanna hafa lýst þeirri skoðun að „útgerðarmenn séu að þrýsta á stjórnvöld um að heimila tvískráningu fiskiskipa í þeim tilgangi að fá ódýrt erlent vinnuafli til starfa á skipum sínum í samkeppni við íslenska sjómenn“. Athugasemdirnar hafa einkum snúið að tveimur atriðum. Annars vegar þeim aðstæðunum þegar skip kæmi aftur til Íslands með erlenda áhafnar meðlimi að lokinni þurrleigu. Hins vegar að því að útgerðir noti þurrleigu til þess að stunda veiðar undir erlendum fána sem stunda mætti undir íslenskum fána, í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar. Fram hefur komið að samtök sjómanna telja að við núverandi aðstæður sé opinberu eftirliti ábótavant, bæði varðandi það að erlendir sjómenn starfi á íslenskum skipum án atvinnuleyfis og varðandi þau laun sem erlendir sjómenn fái greidd. Sjómannasambandið óttast að við þurrleiguskráningu mundi þetta vandamál versna.

Minni hlutinn telur að ekki hafi komið fram nógu sterk rök fyrir þessari breytingu en þeim mun sterkari varnaðarorð og styður því ekki frumvarpið.

14. mars 2002.

Svanfríður Jónasdóttir

Jóhann Ársællsson

Guðjón A. Kristjánsson



**SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA**

**ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION**

*Alþingi*

*Erindi nr. P 127/747*

*komudagur 18.2.2002*

Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2002.

FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM NR 115/1985 UM  
SKRÁNINGU SKIPA, MÁL 285.  
UMSÖGN SAMBANDS ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða, SÍK, þakkar bréf samgöngunefndar Alþingis dags 29. janúar s.l. þar sem óskað er umsagnar SÍK um ofangreint frumvarp til laga og lýsir ánægju með að fá tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í þeim efnum.

Frumvarp þetta hefur að markmiði að opna möguleika íslenskra fyrirtækja til að nýta betur en ella miklar og áhættusamar fjárfestingar í sjávarútvegi og skapa þar með forsendur fyrir aukinni hagræðingu og bættri afkomu sjávarútvegsins. Þó svo að með lögum þessum sé aðeins gert ráð fyrir að skrá megi íslensku fiskiskip kaupleigu á erlendri skipaskrá með afar ströngum skilyrðum, mun sú ráðstöfun, sem í frumvarpinu felst, veita íslenskrum fiskiskipaútgerðum aukin sóknarfæri og fjölbreyttari rekstarmöguleika, sem íslenskt efnahagslíf mun síðan njóta góðs af. Samband íslenskra kaupskipaútgerða er af þessum sökum því fylgjandi að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllt

Samband íslenskra kaupskipaútgerða

Olafur J. Briem

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1823  
komudagur 11.4.2002



## SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

kennitala: 550269 - 1639

sími: 545 8200, bréfsími: 562 1702.

netfang: postur@sam.stjr.is,

veffang: <http://www.stjr.is/sam>

Alþingi  
Ágúst Geir Ágústson, nefndarritari  
Við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Tilvísun:

99050004/361

10. apríl 2002

US/--

Sam svar við fyrirspurn yðar sem barst með tölvupósti þann 15. mars 2002 skal eftirfarandi tekið fram:

Spurning 1. Kostnaður sem fellur á útgerð sem tekur skip af íslenskri skipaskrá og skráir það erlendis?

Svar: Samgönguráðuneytið hafði samband við útgerðarfyrirtæki á óskaði eftir raunhæfum dæmum hér að lútandi.

Fyrirtækið taldi ekki unnt að gefa slíkt dæmi en tiltók fjárhæðina frá 5 - 6 milljónir íslenskra króna.

Spurning 2. Hvernig verður farið með sjóveðskröfur ef skip er skráð þurrleiguskráningu?

Svar: Í greinargerð með frumvarpinu á bls. 5 segir: " Farið er með skipið eins og það sé eign leigutaka að því er sjóveð varðar. Leigusali og sammingsveðhafar taka því nokkra áhættu varðandi sjóveð. Safni skipið t.d. hafnagjöldum í landi leigutakans er sú hætta ávallt fyrir hendi að skipið verði boðið upp til fullnustu sjóveðskrafna. Einnig tekur leigusali áhættu af því að skipinu verði haldið af yfirvöldum leigutaka í einhvernt tíma ef leigutaki brýtur af sér við veiðar. Leigutaki hefur hins vegar hagsmuni af því að gæta þess að ekki hvíli sjóveðskrafa á skipinu áður en hann tekur við því. "

Spurning 3. Hvaða skilning leggur ráðuneytið í a-lið 2. efnismgr. 1.gr. frumvarpsins?

"skip sem sigla undir þjóðfána Íslands gætu ekki stundað þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,"

Svar: Með þessu ákvæði er ætlunin að tryggja að skip séu einungis skráð þurrleiguskráningu frá íslenskri skipaskrá í þeim tilgangi að nýta veiðiheimildir sem skip sem sigla undir íslenskum fána geta ekki nýtt. Veiðar þurrleiguskráðra skipa ættu þannig að verða viðbót við þær veiðar sem íslensk skip geta nú stundað.

Varðandi stofna þar sem Ísland er aðili að samkomulagi um skiptingu veiðiheimilda er tilgangur þessa ákvæðis ekki að koma í veg fyrir að þurrleiguskráð skip geti nýtt þær veiðiheimildir sem erlend ríki hafa samkvæmt slíku samkomulagi, enda geti skip ekki nýtt slíkar veiðiheimildir á meðan þau sigla undir íslenskum fána.

Í þessu sambandi er rétt að benda á f-lið 2. efnismgr. Það er háð mati á hverju tilfelli fyrir sig hvort það gangi gegn hagsmunum Íslands að heimila þurrleiguskráningu til nýtingar á stofnum sem samið hefur verið um skiptingu á.

Vegna dæmis sem nefnt er í spurningunni er rétt að benda á að Ísland er ekki aðili að samkomulagi um rækjuveiðar á Flæmingjagrunni. Líklegt er að það væri talið ganga gegn hagsmunum Íslands að heimila þurrleiguskráningu til veiða sem íslensk skip stunda og ekki hefur verið samið um.

Spurning 4. Hver er reynsla Færeyinga af þurrleiguskráningu fiskiskipa?

Svar: Þar er þurrleiguskráning leyfð í báðar áttir, þ.e. frá Færeyjum og til Færeyja. Eftir því sem best er vitað er reynslan góð.

Svar þetta er unnið í samvinnu við sjávarútvegsráðuneytið.

f.h.r.



Halldór S. Kristjánsson



Unnur Sverrisdóttir

WOM

Nr. 124

20. juli

## Kunngerð

um

## leiguskráseting av skipum

Við heimild í § 56, stk. 2 í lögtingslóg nr. 9 frá 5. mars 1970 um skráseting av skipum, sum seinast broytt við lögtingslóg nr. 75 frá 23. mai 1997 verður fyriset:

§ 1. Skip sum eftir § 1 í lögtingslóg um skráseting av skipum ikki er feroyskt, men sum verður útleigað til reiðara, sum eftir § 1 í lögtingslóg um skráseting av skipum er feroyskur, kann av leigaranum fráboðast til skrásetingar í skipaskrásetingini. Skipið kann skrásetast fyri eitt tíðarskeið upp til 5 ár. Skipaskrásetingin kann eftir skrivligari umsókn frá leigaranum leingja hetta tíðarskeið við upp til einum ári í senn.

Stk. 2. Veðrættindi ella onnur rættindi kunnu ikki skrásetast í skipi, ið er skrásett sambært stk. 1.

Stk. 3 Leiguskráseting í feroysku skipaskrásetingini er treytað av, at vátan frá útlenska skrásetingarmyndugleikanum, um at skipið hevur rætt til at føra eitt annað tjóðskaparflagg í leigutíðini, er hjáløgd.

§ 2. Leiguskip verður strikað úr skrásetingini, um so er, at:

- 1) leiguavtalan heldur uppat,
- 2) treytirnar fyri skráseting eftir § 1 ikki longur eru til staðar,
- 3) leigarin skrivliga biðjur um tað, ella
- 4) skipið, sambært lóg í heimlandi tess, ikki longur hevur rætt til at føra annað tjóðskaparflagg enn tað hjá heimlandinum.

Stk. 2. Eisini verður skip strikað úr skrásetingini, tá tað verður høgt upp, gongur burtur, hvørvur ella av útnevndum metingarmonnum, av góðkendum klassingarfelag ella á annan hátt, ið kann javnsetast við hetta, verður sagt ikki at kunna gerast aftur. Tá slík strikingarorsøk er, hevur leigarin skyldu til skrivliga, og í seinasta lagi 30 dagar eftir at hava fingið kunnleika til strikingarorsøkina, at fráboða hetta til skipaskrásetingina.

§ 3. Feroyskt skip ið verður útleigað til reiðara, sum sambært § 1 í lögtingslóg um skráseting av skipum ikki verður mettur sum feroyskur, verður ikki strikað úr skipaskrásetingini, hóast skipið við grundarlag í eini leiguavtalu verður tikið upp í útlenska skipaskráseting. Skipið fær í leigutíðini rætt til fyribils at føra annað tjóðskaparflagg enn feroyskt, við teimum rættindum og skyldum, ið við tí fylgja. Veðrættindi og onnur rættindi í skipinum kunnu framhaldandi skrásetast í Skipaskrásetingini.

Stk. 2. Skip kann fáa rætt til at føra annað tjóðskaparflagg í upp til 5 ár frá fráboðanini. Skipaskrásetingin kann eftir skrivligari áheitan frá eiganum leingja hetta tíðarskeið við upp til einum ári í senn.

Stk. 3. Fyri at skip fyribils kann fáa rætt til at føra annað tjóðskaparflagg, jvb. stk. 1, er tað ein treyt, at allir rættindsbavarar hava givið skrivligt loyvi til, at skipið skiftir flagg, og at harumframt ein vátan frá útlenska skrásetingarmyndugleikanum um, at skipið

kann takast upp í útlendsku skrásetingina, er hjálögð, eða at fyríbils tjóðskaparbræv er útskrivað.

§ 4. Tá leiguavtalan, jvb. § 3, heldur uppat, fellur rætturin til at føra annað tjóðskaparflagg burtur. Eigarin skal innan 30 dagar eftir at leiguavtalan er hildin uppat fráboða hetta til Skipaskrásetingina.

*Fráboðan um leiguskráseting av skipum.  
Til færoyskt flagg.*

§ 5. Fráboðan um skráseting av leiguskipi, sum eftir § 1 í lögtingslóg um skráseting av skipum ikki verður mett sum færoyskt, og sum verður útleigað til ein reiðara sum eftir § 1 í lögtingslóg um skráseting av skipum verður mettur sum færoyskur, skal gerast á serligt fráboðanarskjal.

*Stk 2.* Á fráboðanarskjalinum skulu standa upplýsingar um skipið, skrásetta eigaran, umboðsmann eigarans, leigaran, leigutíðarskeiðið, umframt upplýsingar um í hvørjari útlendskari skipaskráseting skipið er skrásett í og kenningarbókstavimar hjá skipinum.

*Stk 3* Skipaskrásetingin kann, fyri at kunna taka avgerð um treytirnar eftir § 1 í lögtingslóg um skráseting av skipum eru loknar, krevja neyðug prógv.

§ 6. Við fráboðanini skal fylgja:

- 1) leiguavtalan í frumriti eða váttu úrskrift av henni,
- 2) váttan frá útlendsku skrásetingini um, at skipið hevur rætt at føra annað tjóðskaparflagg í leigutíðini,
- 3) úrskrift frá útlendsku skrásetingini sum vísir, hvør skrásetti eigari av skipinum er, og tekningarreglur fyri skrásetta eigaran.

§ 7. Um leigarin ikki longu er skrásettur sum reiðari í Skipaskrásetingini, verða upplýsingar sambært § 5 í lögtingslóg um skráseting av skipum, lætvar skrásetingini.

§ 8. Skipaskrásetingin letur gera serstakt blað fyri leiguskipið. Á blaðið verða skrivaðir kenningarbókstavimur hjá skipinum, navn, heimstaður, mæt, nýtsla, leiguavtalan umframt ein stutt endurtøka av upplýsingunum um leigaran.

§ 9. Skrásett leiguskip skulu føra færoyskt flagg.

*Til fremmant flagg*

§ 10. Fráboðan um færoyskt skip, sum er skrásett í skipaskrásetingini og sum verður útleigað til reiðara, sum sambært § 1 í lögtingslóg um skráseting av skipum ikki verður mettur sum færoyskur, skal gerast á serligt fráboðanarskjal.

*Stk 2.* Á fráboðanarskjalinum skulu standa upplýsingar um leigaran, umboðsmann leigarans, leigutíðarskeiðið, umframt upplýsingar um til hvørja útlenska skipaskráseting skipið skal skrásetast.

§ 11. Við fráboðanini skal fylgja:



- 1) leiguavtalan í frumriti ella vátta úrskrift av henni,
- 2) vátta frá útlendsku skrásetingini um, at skipið kann takast upp ella at fyríbils tjóðskaparbræv er útskrivað, hóast skipið enn er skrásett í føroysku skipaskrásetingini, og
- 3) skrivlig vátta frá øllum rættindishavarum um at skipið kann skifta flagg.

§ 12. Á skipsblaðið verður leiguavtalan ella úrskrift av hesari skrásett.

§ 13. Tjóðskaparbræv skipsins verður sent skipaskrásetingini at ógilda.

§ 14. Føroysk leiguskip, ið verða skrásett í útlendskari skipaskrá, kunnu í leigutiðini ikki føra føroyskt flagg.

§ 15. Henda kunningið kemur í gildi dagin eftir, at hon er kunningjard.

Fiskivinnudeildin, 20. juni 1997

Sámal Petur í Grund (sign.)  
landsstýrismaður

/ Kaj P. Mortensen (sign.)

Reykjavík, 15. febrúar 2002

Alþingi,  
samgöngunefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. l. um skráningu skipa (285. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar, dags. 29. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. Í athugasemdum frumvarpsins er m.a. vísað í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) til nefndar samgönguráðherra sem vann að frumvarpinu. Fram kemur að ákvæði frumvarps um eins árs tímabindingu þurrleiguskráningar eigi rót að rekja til athugasemda SFF. Samtök útgerða hafa komið að máli við SFF í framhaldi þingfestingar frumvarpsins vegna þessa atriðis.

Rétt er að taka fram að Samtök fjármálafyrirtækja styðja almennt auknar heimildir íslenskra útgerða til nýtingar á eigin skipum utan lögsögunnar, enda er þannig stuðlað að hagræðingu í rekstri.

Varðandi eins árs tímabindingu leyfis leggja SFF áherslu á að verulegir hagsmunir geta verið í húfi fyrir veðhafa að aflaheimildir skips skerðist ekki við þurrleiguskráningu. Eitt af þeim atriðum sem þar skipta máli hlýtur að vera sá tími sem skipi er haldið til slíkra veiða.


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skriflegt samþykki veðhafa þurfi fyrir þurrleiguskráningu fiskiskips. Ljóst er því að veðhafi getur skilyrt skráningu til skemmri tíma en lagaramminn segir til um. Á hitt ber að líta að viðtækari lagaheimildir munu skapa aukinn þrýsting frá útgerðum á veðhafa að samþykkja slíka skráningu út þann tíma sem lögin heimila.

4. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, er svohljóðandi:

“Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiarinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.”

Í ljósi þess að þurrleiguskráning fiskiskipa hefur ekki verið heimil hingað til er engin afstaða tekin til þess í ákvæðinu hvort lokamálsliðurinn eigi við um slík tilvik. SFF telja grunnforsendu þess að rýmka megi þá tímatakörkun skráningar sem fyrr er greint frá, sé að framangreindu ákvæði laga um stjórn fiskveiða sé breytt samhliða þannig að skýrt komi fram að skip í þurrleiguskráningu falli undir viðkomandi ákvæði. Að því gefnu munu SFF ekki setja sig á móti því að tímatakörk frumvarpsins verði rýmkuð.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri



SIGLINGASTOFNUN

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/658*

*komudagur 4.2.2002*

Alþingi  
Ágúst Geir Ágústson, ritari samgöngunefndar  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 31.01.2002  
Tilv. 023  
HG/hj

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs yðar dags. 29. janúar 2002, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvörp til laga um skráningu skipa.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins, en fulltrúi stofnunarinnar sat í þeirri nefnd sem undirbjó frumvarpið.

F. h. Siglingastofnunar Íslands

Hermann Guðjónsson, forstjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 127/990  
komudagur 5.3.2002



Alþingi  
Sjávarútvegsnefnd,  
Einar K. Guðfinnsson, formaður  
150

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík  
sími.: 560 9670 fax: 562 1853  
netfang: sjavar@hafro.is  
veffang: <http://www.stjr.is/sjr>

Reykjavík, 4. mars 2002  
Tilvísun: SJR2002030008/  
SÁ/--

Á fundi þann 19. febrúar síðastliðinn óskaði sjávarútvegsnefnd eftir upplýsingum um nokkur atriði í tengslum við þurrleiguskráningar sem hér með er komið á framfæri við nefndina.

Kostnaður sem útgerðir bera nú vegna breytinga á skráningu skipa til að nýta veiðiheimildir sem aðeins er hægt að nýta undir erlendum fána.

Samkvæmt upplýsingum frá Landssaambandi íslenskra útvegsmanna er þessi kostnaður mjög breytilegur eftir atvikum í hverju tilfalli. Atriði eins og hversu viðamiklar veðsetningar skipanna eru skipta hér miklu máli en dæmi eru um að kostnaður í þessu sambandi hafi farið upp í að vera á sjöttu milljón króna.

Möguleikar erlendra aðila á að stunda veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi með skipum sem hafa verið þurrleiguskráð frá Íslandi og eru þar með skráð á íslenska skipaskrá þótt þau sigli undir erlendum fána.

Þar sem þurrleiguskráð skip teljast ekki vera íslensk meðan á þurrleiguskráningunni stendur verður þeim ekki heimilt að stunda veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Samkvæmt 2. gr. lagafrumvarpsins um þurrleiguskráningar skal eftirfarandi bætast við 2. gr. laga um skráningar skipa nr. 115/1985: "Skip, sem er skráð á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá, **telst þó ekki vera íslenskt skip** og hefur ekki rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands meðan á þurrleiguskráningunni stendur."

Í 4. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997 segir: "Aðeins þeim **íslensku skipum**, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelginni."

Nýting erlendra þjóða á veiðiheimildum sínum úr stofnum sem samið hefur verið um skiptinu á.

Norsk-íslensk síld:

	Aflahámark 2000	Afli 2000	Aflahámar k 2001	Afli 2001*
Færeyjar	68.270	64.152	46.420	64.446
Evrópusambandið	104.800	94.278	71.260	34.623
Noregur	712.500	686.558	484.500	232.362
Pólland	2.000	0	1.500	0
Rússland	170.200	158.300	115.740	108.272

\*Bráðabirgðatölur. Endanlegar tölur fyrir árið 2001 liggja ekki fyrir.

Karfi:

	Aflahámark 2000	Afli 2000	Aflahámar k 2001	Afli 2001*
Færeyjar/Grænland	30.573	6.421	24.169	11.377
Evrópusambandið	17.580	16.991	13.883	14.402
Noregur	4.586	5.900	3.596	3.949
Pólland	1.000	1,7	1.000	4,2
Rússland	30.573	23.897	24.196	3.807


\*Bráðabirgðatölur. Endanlegar tölur fyrir árið 2001 liggja ekki fyrir.

Ríki þar sem heimilt er að skrá skip þurrleiguskránnu.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefnd um tvískráningu fiskiskipa aflaði sér er líklegtast að flest tækifæri bjóðist fyrir íslenskar útgerðir í Rússlandi og Eystrasaltslöndunum í þessu sambandi.

F.h.r.

*Stefán Asmundsson*



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/745*  
*komudagur 18.2.2002*


Reykjavík 15. febrúar 2002.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, 285. mál.**

Eins og fram kemur á bls. 11 í frumvarpinu leggst Sjómannasamband Íslands alfarið gegn því að heimilað verði að íslensk fiskiskip séu skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Meðfylgjandi er afrit af bréfi Sjómannasambands Íslands, dags. 1. desember 1999, til nefndarinnar sem vann að málinu. Jafnframt er meðfylgjandi afrit af ályktun frá formannafundi SSÍ sem haldinn var á Ísafirði dagana 5. og 6. nóvember 1999.

Samkvæmt framangreindu er afstaða Sjómannasambands Íslands alveg skýr og er það von sambandsins að frumvarpið verði ekki að lögum.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson



## Stýrimannaskólinn í Reykjavík

The College of Navigation – Navigationsskolen  
SKÓLAMEISTARI – PRINCIPAL – REKTOR  
Sími: 551-3046 – Telephone: Int. + 551-3046 – Telefax: 562-2750  
Netfang - e-mail: [gudarm@ismennt.is](mailto:gudarm@ismennt.is)  
SJÓMANNASKÓLI ÍSLANDS v/Háteigsveg, 105 Reykjavík  
ÍSLAND - ICELAND

Alþingi  
Erindi nr. P 127/743  
komudagur 18.2.2002

Reykjavík, 14. febrúar 2002

Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Efni: Umsögn um þurrleiguskráningu fiskiskipa, 285. mál.

Ég undirritaður get tekið undir þau sjónarmið sem hafa komið fram, að frumvarpið geti aukið möguleika íslenskra útgerða til að nýta skip sín til verkefna erlendis.

Á hitt ber þó einnig að líta, að það getur varla talist rétt eða heillavænleg þróun að stór hluti skipa í eigu Íslendinga, bæði kaupskip og fiskiskip, sigli undir erlendum fána og þá með erlendar áhafnir að hluta eða að öllu leyti. Atvinnuöryggi íslenskra sjómanna hlýtur þar með að vera stefnt í óvissu.

Hvar eiga þau íslensku ungmenni sem vilja leggja fyrir sig sjómennsku að fá tækifæri til þjálfunar og reynslu í sjómannsstörfum?

Nú þegar eru allt of fáir Íslendingar sem vilja vinna við sjávarútveg og sjómennsku. Útflöggun kaupskipaflotans og fiskiskipaflotans á undanförunum árum hefur ekki gert þennan atvinnuveg eftirsóknarverðari fyrir ungt fólk á Íslandi og því ástæða að vanda sérstaklega vel til lagasetningar um þessi mál.

Sem dæmi um þróunina vil ég benda hæstv. samgöngunefnd Alþingis á merkilega blaðagrein um afskráningu íslenskra fiskiskipa í vikublaðinu Fiskifréttum 23. febrúar 2001.

Þar kemur fram að á þriggja ára tímabili, árunum 1998-2000, voru 34 skuttogarar, samtals 21.180 brúttótonn, afskráðir, seldir úr landi, leigðir eða flaggað út. Flest þessara skipa voru frystitogarar og sum í hópi stærstu og glæsilegustu fiskiskipa Íslendinga.

Með tilliti til þessa álit ég að það þyrfti að ganga svo frá lögum um þurrleiguskráningu íslenskra fiskiskipa, að a.m.k. íslenskur skipstjóri og yfirvélstjóri fylgi skipunum.

Ég undirritaður legg því til að 2. gr. frumvarpsins verði breytt, að undangenginni könnun hvort sú breyting stenst íslensk lög og þjóðarrétt.



Tillaga um breytingu á 2. gr. er svohljóðandi:

2. gr.

*Skip, sem er skráð á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá telst vera íslenskt skip svo lengi sem það er í eigu íslensks eða íslenskra ríkisborgara að meirihluta, þó að það hafi ekki rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands meðan þurrleiguskráning skipsins er í gildi.*

Með þessari breytingu er um leið kveðið á um að skipstjórinn sé íslenskur ríkisborgari eða njóti atvinnuréttinda sem íslenskur ríkisborgari, sbr. 1. gr. laga nr. 112/1984 með síðari breytingum.

Ég undirritaður tek undir áhyggjur Sjómannasambands Íslands um að þegar íslenskt skip, sem hefur verið í þurrleigu, lýkur verkefnum sínum, þá muni þrýstingur aukast á að erlendir sjómenn starfi áfram á skipinu.


Alkunn leið hér á landi í sambandi við störf til sjós er að knýja slíkt fram með undanþágum og þyrfti að girða fyrir það í lögnum.


Hér eru taldir þeir þættir sem hafa valdið mestri fækkun í íslenskri sjómannastétt og m.a. fækkun nemenda í Sjómannaskólanum, undanþágur og minna atvinnuöryggi, sem má ásamt fleiru rekja til útflöggunar skipa.

Við endanlegan frágang frumvarps til laga um breytingu á skráningu skipa og þurrleiguskráningu verður að taka tillit til þessara veigamiklu atriða og tryggja að þegar skipið fer aftur undir íslenskan fána verði áhöfnin íslensk.

Í Danmörku er skráning um þurrleigu aðeins bundin við farskip. Þar í landi, í Færeyjum og Noregi, er svonefnd Alþjóðaskráning kauskipa (DIS, NIS og FIS, sem stendur fyrir Dansk International Skibsregister, Norsk International Skibsregister, Faroese International Shipping Register). Þetta fyrirkomulag og lagasetning stöðvaði nærri því alla útflöggun kaupskipa í þessum löndum og gerði útgerðum það eftirsóknarvert að sigla áfram undir sínum eigin þjóðfána.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Ármann Eyjólfsson  
skólameistari



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/744*  
*komudagur 18.2.2002*

Samgöngunefnd Alþingis

285. mál

Vélskólinn tekur undir þær áhyggjur sem fram koma hjá mörgum hagsmunaaðilum að vandi getur skapast þegar skip fer aftur undir íslenskan fána eftir að hafa verið í þurrleigu. Koma þarf í veg fyrir að reynt verði að halda erlendri áhöfn um borð eftir að skipið fer aftur undir íslenskan fána.

Að öðru leyti gerir skólinn engar athugasemdir við frumvarpið.

Björgvin Þór Jóhannsson

Alþingi  
Erindi nr. P 127/746  
komudagur 18.2.2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,  
Samgöngunefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 14. febrúar 2002


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985

Frumvarpið kveður á um að Siglingastofnun geti heimilað að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá sé skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Þurrleiguskráningin sem er tímabundin skráning er háð fjölmörgum takmörkunum sem ekki verða raktar hér.

Vélstjórafélag Íslands er í andstöðu við frumvarpið af eftirfarandi ástæðum: Við teljum að það muni, verði það að lögum, auka ásókn erlendra vélstjóra í störf á íslenskum skipum í framhaldi af veru þeirra um borð í skipinu eftir að það er skráð á þurrleigu:

Það er einnig ljóst að sá afli sem fæst á skipið þurrleiguskráð kemur ekki íslenskri útgerð þess til góða: Þar sem íslensk lög gilda ekki á meðan á þurrleiguskráningu stendur má búast við að viðhaldi þess hraki svo og öllum öryggisbúnaði.

Rétt er að benda á að í skýrslu undirbúningshópsins kom fram að það eru aðeins tvö ríki í Evrópu sem leyfa skráningu af þessu tagi þ.e. Eistland og Lithaen sem eiga nú ekki margt sameiginlegt með Íslandi

Virðingarfyllst,  
f.h. Vélstjórafélags Íslands  
  
-----  
Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!

Borgartúni 18 105 Reykjavík sími: 562 9062 bréfasími: 562 9096  
Umboðsskrifstofur: Vesturlandi: Sæbóli 29 350 Grundarfirði sími: 438 6894 Norðurlandi: Skipagötu 14 600 Akureyri sími: 4621870  
Suð-Asturlandi: Smárabraut 13 780 Höfn Hornafirði sími: 478 1255  
Deildir: Suðurnesjum: Hafnargötu 32 230 Reykjanesbæ Vestfjörðum: Hlíðarstræti 14 415 Bolungarvík  
Vestmannaeyjum: Básam Bäsaskersbryggju 900 Vestmannaeyjum